

Mæting í skóla: Við mætum í skólann. Ef við mætum ekki er óskað eftir skýringum frá foreldrum og þær skráðar í Mentor. Ef fjarvera okkar er án gildrar ástæðu (veikindi eða leyfi) þurfa foreldrar að skutla okkur í skólann. Í undantekningartilfellum gætu starfsmenn Hlíðarskóla orðið að sækja okkur heim og koma okkur í skólann.



Umgengni í forstofu: Við röðum skónum okkar og hengjum fatnað á sérmerkta snaga. Ef við gerum þetta ekki gætu skór og fót verið sett út fyrir. Þá þurfum við að sækja hlutina og setja á réttan stað.



Mæting í tíma: Við mætum á réttum tíma og tökum þátt í öllu því starfi sem fer fram í kennslustundum. Ef nemandi mætir of seint er rætt við hann og hann hvattur til að passa betur tímum. Ef nemendur taka ekki þátt í tímum geta þeir þurft að sitja eftir. Ef það gerist eru foreldrar/forráðamenn látnir vita.



Morgunmat: Við sitjum öll saman í matsalnum og í okkar sæti þar til uppeldisfulltrúi segir til. Þó að við borðum ekki morgunmat í skólanum þá sitjum við samt í matsalnum. Það er bannað að koma með morgunmat/drykk að heiman

Hádegismatur: Við sitjum öll saman í matsalnum í okkar sæti þar til uppeldisfulltrúi segir til. Allir verða að smakka matinn sem er í boði og drekka vatn með.

Salernisferðir: Við notum frímínútur til að fara á klósettið.

Vatnsdrykkja: Við notum frímínútur til að drekka vatn.

Farsímar: Við megum hafa farsíma með í skólann og þurfum þá að fara eftir símareglum (sjá nánar í *Símareglur*). Ef við brjótum símareglur verður síminn tekinn og geymdur þangað til foreldri sækja hann.



Símanotkun: Borðsímar eru fyrir starfsfólk og við megum aðeins nota þá í samráði við umsjónarkennara.



Útivist í frímínútum: Við förum út í frímínútur að lágmarki einu sinni á dag í að minnsta kost 20 mínútur. Ef við veljum að vera úti og/eða inni í frjálsu frímínútum stöndum við við val okkar. Með okkur eru fjórir fullorðnir starfsmenn. Við erum kurteis við alla aðra í frímínútum.



Umgengni í skólabílum: Við spennum beltin og sitjum kyrr í bílnum. Við látum alla aðra í friði, bæði nemendur, starfsmenn og bílstjóra (sjá nánar í *Rútureglum*). Ef við förum ekki eftir rútureglunum að þá er atvikið tilkynnt og unnið úr því eins fljótt og hægt er í samvinnu við skólastjóra og umsjónarkennara.

Sælgæti og gos: Sælgæti og gos er aðeins leyft í undantekningartilfellum með sérstöku leyfi kennara eða skólastjóra. Ef nemandi mætir með sælgæti og gos án leyfis er það gert upptækt.

Nikótínjafar og rafrettur: Við förum að landslögum og virðum reykingabann, bann við notkun tóbaks og rafrettna á skólalóð og á skólatíma, bæði nemendur og starfsfólk. Ef nemandi brýtur lögin eru tóbak, eldfæri og/eða rafrettan tekin af honum og foreldrar látnir vita. Sama gildir um önnur fíkní- eða vímuefni. Ef ástæða þykir til er nemandi settur í lyfjapróf á staðnum í samráði við foreldra.



Vettvangsferðir: Við förum eftir skólareglum þegar við förum í ferðir á vegum skólans.